



Umsókn í þýðingu og útfærslu þekktra barnabóka yfir á íslenskt táknmál.

19.10.2022

Félag heyrnarlausra hefur ákveðið í að fara í þýðingu og útfærslu þekktra barnabóka yfir á íslenskt táknmál. Barnaefni á íslensku táknmáli er ekki til og var gerð prófun með þýðingu bókarinnar „pabbi minn“ með svo góðum árangri og gleði fyrir börnin að ákveðið hefur verið að fara í framleiðslu á 5 bókum til viðbótar en í skoðun er hvaða bækur verði fyrir valinu. Þetta verkefni verður í höndum Sigríðar Völu Jóhannsdóttur og Sindra Jóhannssonar en bæði eru heyrnarlausir foreldrar ungra drengja og skilja því vel þörf þeirra fyrir barnabókaefni. Aðgangur barna að barnaefni og öðru menningarefni á eigin tungumáli og menningu er mjög mikilvæg í þroska hvers barns og viljum við hjá Félagi heyrnarlausra stuðla að því að heyrnarlaus börn hafi jafnan aðgang til slíks á við önnur börn. Félag Heyrnarlausra leitar því til stuðninga fyrirtækja og stofnana við kostun efnisins en áætlað er að lokið verði við þýðingu og upptökur bókanna 5 fyrir 1. mars 2023. Áætlaður kostnaður við þýðingu efnisins er um 2,4 milljónir króna.

Hér í hlekknum er hægt að sjá fyrstu íslensku útgáfu barnabókarinnar „pabbi minn“ þar sem leikrænar tjáningar skipta sköpum í útfærslunni með táknmálinu.

<https://www.youtube.com/watch?v=lnK-9la7vgM>

Með von um jákvæðar undirtektir!

Fyrir hönd Félags heyrnarlausra
Virðingarfyllst / With regards

Þröstur Friðþjófsson



Félag heyrnarlausra • Þverholti 14 • 105 Reykjavík • Iceland
Íslenskt táknmál þú hefur það í hendi þér
Sími: 561-3560